

Um framkvæmd endurskoðunar fer eftir ákvæðum D-lið III. kafla laga nr. 58/1961. Lokið skal endurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Endurskoðendur eiga rétt á þóknun fyrir starf sitt.

VII. KAFLI

Um starfsmenn kaupstaðarins.

63. gr.

Bæjarstjórn og bæjarráð skipa fasta starfsmenn kaupstaðarins og veita þeim laun, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari, nema vald til slíks sé að lögum öðrum aðilum fengið eða á annan veg mælt fyrir í reglugerðum um sérmál tiltekinnna stofnana.

Bæjarstjórn skipar bæjarritara, aðaljalldkera, aðalbókara, byggingarfulltrúa og forstöðumenn bæjarstofnana, en bæjarráð aðra starfsmenn skv. 1. mgr. Fastir starfsmenn teljast þeir einir, er hlotið hafa skipun skv. 1. mgr. og eru jafnframt félagar Eftirlaunasjóðs Akraneskaupstaðar og taka laun skv. launasamþykkt bæjarins eða sérsamningi, sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Áður en skipað er í fast starf, skal að jafnaði auglýsa starfið laust til umsóknar.

Bæjarstjórn getur ákveðið, hver almenn skilyrði skuli gilda um skipun í störf hjá bænum, svo og sérskilyrði, er gilda skulu um ákveðin störf.

Bæjarráð getur kveðið á um starfssvið fastra starfsmanna bæjarins og sett þeim erindisbréf. Skytt er starfsmönnum að hlíta breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í starf, á rétt á að halda starfinu, meðan hann rækir það þannig, að ekki verði að fundið.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna á Akranesi, nr. 17 23. febrúar 1956 og fundarsköp fyrir bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, nr. 18 28. febrúar 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

1. gr.

2. málsgrein 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

Hinn 31. maí ár hvert skal happdrættið greiða í byggingarsjóð aldraðs fólks sem svarar helmingi nettóhagnaðar happdrættisins árið á undan, en endanlegt uppgjör fari fram ekki síðar en 30. nóvember ár hvert.

Reikningsskilum fyrir happdrættið 1963—1964 skal lokið ekki síðar en 30. apríl 1965, en 40% af nettótekjum þess árs renna til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

2. gr.

1. málsgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vinningar eru samanlagt minnst 24 að tölu í öllum 12 flokkum og eru samanlagt að verðmæti kr. 18 720 000.00 miðað við smásöluverð.

3. gr.

1. málsgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verð ársmiða er kr. 720.00, en endurnýjunarmiða í hverjum flokki kr. 60.00.

4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni, nr. 53 16. marz 1963.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 15. apríl 1964.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar Jónasdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Málfríðar Jónasdóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- a. Safn bóka á blindraletri, er Málfríður Jónasdóttir átti, en foreldrar hennar gáfu Blindarafélaginu eftir andlát hennar.
- b. Eitt þúsund og fimm hundruð krónur — 1500.00 — í peningum, er Blindarafélagið leggur fram.
- c. Aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að hafa borizt þ. 20. marz 1943.